

Sp. 48. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]
um lagningu varanlegs slitlags á vegi á Reykjanesskaga.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Jón Skaftason, Jón Árm. Héðinsson, Geir Gunnarsson, Sverrir Júlíusson, Karl G. Sigurbergsson, Axel Jónsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðuneytinu að hefja nú þegar undirbúning að lagningu varanlegs slitlags á vegina til verstöðvanna á Reykjanesskaga og kanna jafnframt leiðir til fjármögnunar og gera tillögu til Alþingis þar að lútandi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, liggja einhver auðugustu fiskimið okkar Íslendinga fyrir ströndum Reykjanesskaga.

Það er því af eðlilegum ástæðum, sem fiskibátafloti okkar freistar þess að koma afla sínum á land í höfnunum á Reykjanesskaga, þar sem hagkvæmast er hverju sinni vegna nálægðar við miðin. Aflaum er síðan ekið til vinnslu í hinar fjölmörgu fiskverkunarstöðvar í byggðarlögunum á Suðurnesjum og við sunnanverðan Faxaflóa, en af 295 235 tonnum af bolfiski, sem lagður var á land frá 1. janúar til 31. maí þessa árs, voru 87 680 tonn lögð á land í verstöðvum á Suðurnesjum.

Með sívaxandi aflabrögðum og aukinni fiskvinnslu eykst umferðin um vegina út frá Reykjanesbraut til verstöðvanna á Suðurnesjum, jafnframt því að reynt er að gera flutningana sem hagkvæmasta með stækkun flutningatækjanna, sem notuð eru.

Venjulega byggðir malarvegir þola af eðlilegum ástæðum ekki svo mikla né þunga flutninga sem hér um ræðir öðruvísi en stórskemmast, og af því leiðir, að hið mikla fiskmagn, sem um þá er flutt, fær mun verri meðferð en ella og verður að lélegra hráefni til fiskvinnslu, en vöruvöndun er að sjálfsögðu grundvallarskilyrði fyrir góðum árangri í útflutningsverzlun.

Sveitarstjórnirnar á Suðurnesjum hafa lagt mikla áherzlu á, að hafizt verði handa svo fljótt sem unnt er við framkvæmdir þær, sem tillaga þessi fjallar um, og síðasta fiskiþing samþykkti ályktun þar að lútandi einróma.